



Kópavogi, 11. september 2023
22114511/210.01 ABS

Innleiðing aðgerða í leikskólamálum Minnisblað 11. September 2023

Tillögur starfshóps um skipulag og starfsumhverfi leikskóla voru lagðar fram í Bæjarráði Kópavogs dags. 23. júní og vísað til afgreiðslu Bæjarstjórnar dags. 27. júní. Frá þeim tíma hefur verið unnið að innleiðingu þeirra í samræmi við samráðsáætlun sem lögð var fram í bæjarstjórn.

Unnið hefur verið að útfærslu og framkvæmd einstakra aðgerða, samanber hér fyrir neðan:

- Tekjutenging leikskólagjalda kom til framkvæmda 1. September. Foreldrar sækja um tekjutengdan afslátt á umsóknarvef.
- Heimgreiðslur tóku gildi 1. september og fyrsta greiðsla kemur til framkvæmda 1. október. Foreldrar geta sótt um heimgreiðslu á umsóknarvef.
- Unnið er að undirbúningi þess leikskólastarfs sem fram fer í þeim leikskólum sem opnir verða í vetrarleyfum leikskóla.

Samráð

Samhliða tillögum starfshóps var lögð fram í bæjarstjórn samráðsáætlun verkefnisins sem endurspeglar það víðtæka samráð sem haft var við hagaðila á vinnslutíma tillagnanna.

Þegar tillögur voru samþykktar var foreldrum leikskólabarna sent bréf til upplýsinga um fyrirhugaðar breytingar. Jafnframt var stofnað netfangið 'leikskolatillogur@kopavogur.is' og foreldrar hvattir til að senda fyrirspurnir og ábendingar á það netfang.

Jafnframt var opnuð 'spurt og svarað' síða á heimasíðu Kópavogs. Síðan er að svara flestum spurningum foreldra vel, sem birtist m.a. í því að þjónustuver bæjarins fær lítið af fyrirspurnum og tíðni heimsókna á síðuna hefur verið há.

Í byrjun ágúst hófst vinna við gerð reiknivélar á heimasíðu sem hefur þann tilgang að aðstoða foreldra við að reikna út upphæð leikskólagjalda, m.v. gefnar forsendur og mismunandi skráningu dvalartíma barna innan vikunnar. Reiknivélin var tilbúin 21. ágúst og er í dag með mesta tíðni heimsókna á heimasíðu bæjarins.

Á tímabilinu 21. ágúst til 31. ágúst voru haldnir samráðsfundir með foreldrum í öllum leikskólum bæjarins. Meðfylgjandi er samantekt um skipulag og mætingar á fundina



og helstu ábendingar sem þar komu fram. Í framhaldi af fundunum verða helstu ábendingar teknar til skoðunar með tilliti til mögulegra breytinga og aðlagana á innleiðingartíma tillagna.

Þær ábendingar sem teknar verða til sérstakrar skoðunar verða aukinn sveigjanleika við skráningu dvalartíma barna s.s. fyrir vaktavinnufólk og breytingar á tekjutengdum afsláttum.

Á haustönn verður haldinn samráðsfundur með fulltrúum foreldra í foreldraráðum leikskólanna. Einnig verður haldinn samráðsfundur með fulltrúum starfsfólks í hverjum leikskóla, þ.e. sama hópi og tók þátt í vinnu við tillögur starfshóps. Síðar á önninni, þegar meiri reynsla er komin á breytingarnar verða viðhorfskönnun send til foreldra til að meta áhrif og ávinning aðgerða.

Einnig verður kallað til rýnihópafunda með fulltrúum foreldra, starfsmanna og annarra hagaðila eftir þörfum þegar niðurstöður kannana og aðrar upplýsingar liggja fyrir.

Að lokum má nefna að vinna við barnvænt hagsmuna- og lýðheilsumat er hafin í samstarfi við verkefnastjóra barnvæns sveitarfélags.

Breytingar á skráningu dvalartíma barna og áhrif á starfsemi leikskólanna

Breytingar á dvalartíma barna hafa farið langt fram úr væntingum nú þegar. Eftirfarandi eru meðal markverðustu breytinga:

- Hér um bil þriðjungur foreldra hefur stýtt dvalartíma barna sinna nú þegar
- Tæp 19% foreldra hafa nú þegar skráð börnin sín í 6 tíma eða minna, samanborið við rúmlega 2% á sama tíma fyrir ári síðan.
- Meðaldvalarstundir barna, miðað við samþykktar umsóknir hafa farið úr 8,1 tíma haustið 2022 niður í 7,5 tíma á dag.
- Börn sem skráð voru í 8 tíma dvöl eða meira voru 85% fyrir ári síðan og eru nú ca 56%

Skráning dvalartíma er enn að þróast hratt og tölurnar hreyfast daglega. Upplýsingar um þróun dvalartíma verða lagðar fram aftur í byrjun október.

Leikskólastjórnendur finna að aðgerðirnar hafa nú þegar haft mikil áhrif á starfsemi leikskólanna. Verulega hefur dregið úr álagi og streitu í starfsumhverfinu. Bæði morgnar og seinnipartur dagsins er mun léttari, færri börn í húsi sem dregur úr áreiti og álagi og skapar betri náms- og starfsaðstæður og rólegra umhverfi fyrir þau börn sem dvelja lengur á leikskólanum. Starfsfólk finnur jafnframt mikinn mun á mönnun og skipulagi leikskóladagsins og viðvera starfsfólks með börnum verður betri og meiri yfir leikskóladaginn.



Virðingarfyllst,

Anna Birna Snæbjörnsdóttir
Sviðsstjóri Menntasviðs

Virðingarfyllst,

Sigurlaug Bjarnadóttir
Deildarstjóri leikskóladeildar